



Fundur háskólaráðs 21. desember 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Margrét Ludwig

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 16.12.2005

Dags: 21.12.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

17/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, miðvikudaginn 21. desember var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 11.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Davíð Gunnarsson (varamaður Bryndíasar Harðardóttur), Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Páll Imsland, Rögnvaldur Ólafsson og Vilhjálmur Árnason. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

1. Erindi til háskólaráðs

1.1 Deililíkan og reiknilíkan. Tillaga um endurskoðun, sbr. síðasta fund.

Eftirfarandi tillaga var samþykkt einróma:

- Háskólaráð samþykkir að fela fjármálanefnd að endurskoða fyrirliggjandi deililíkan, sem notað hefur verið til þess að skipta fé milli einstakra deilda Háskólans. Þessi endurskoðun feli jafnframt í sér hvaða breytingar sé æskilegt að gera á núverandi reiknilíkani. Fjármálanefnd skili háskólaráði fyrstu hugmyndum að tillögum fyrir næsta fund ráðsins í janúar 2006.

1.2 Kjör tveggja nýrra fulltrúa í vísindanefnd.

Rektor bar upp tillögu um að Helga Ögmundsdóttir, prófessor við læknadeild, verði skipuð formaður vísindanefndar háskólaráðs til tveggja ára frá 1. janúar 2006 að telja. Hún tekur við af Jóni Atla Benediktssyni, prófessor við verkfræðideild, sem verið hefur formaður nefndarinnar um árabíl. Þá tuki Magnús Már Halldórsson, prófessor við verkfræðideild, sæti í vísindanefnd í stað Jóns Atla.

- Samþykkt einróma.

2. Mál á dagskrá

2.1 Tillaga akademískrar stjórnýslu að reglum um erlenda lektora og sérfræðinga við Háskóla Íslands, sbr. síðasta fund.

Rektor reifaði málið, sem snýst einkum um að tryggja réttarstöðu erlendra lektora og sérfræðinga til jafns við aðra kennara.

- Samþykkt einróma.

2.2 Tillaga að breytingu á samþykktum Vísindagarða Háskóla Íslands, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn komu þeir Gestur Jónsson, lögmaður Háskóla Íslands, Hörður Felix Harðarson, lögmaður hjá Mörkinni lögmannsstofu, og Ingjaldur Hannibalsson, stjórnarmaður í Vísindagörðum Háskóla Íslands ehf, og bauð rektor þá velkomna. Gerðu rektor og Gestur grein fyrir framlögðum tillögum að breytingum á samþykktum Vísindagarða Háskóla Íslands ehf, en þær lúta að heimild til fjölgunar hluthafa í félaginu, þó þannig að HÍ hafi ávallt afgerandi meirihluta í félaginu, einföldun og rýmkun ákvæða um tilgang og verkefni þess og hámarksfjölda stjórnarmanna og skipun varamanna. Málið var rætt og svaraði Gestur framkomnum spurningum og athugasemdum. Að umræðu lokinni samþykkti háskólaráð einróma svohljóðandi bókun:

„Háskólaráð felur rektor:

1. Að afsala frá Háskólanum til Vísindagarða Háskóla Íslands ehf fasteignaréttindum í Vatnsmýri sem afmarkast af Sturlugötu til norðurs, lóð Íslenskrar erfðagreiningar til austurs, Eggertsgötu til suðurs og Oddagötu/Sæmundargötu til vesturs, og eru u.þ.b. 73.000 fermetrar að stærð, sem hlutafjárframlagi við hlutafjárukningu í félaginu úr 50.000.000 kr. í 1.050.000.000 kr. Rektor er falið að ganga frá heimildaskjölum sem uppfylla skilyrði til þinglýsingar um fasteignaréttindin og að afla sérfræðiskýrslu um verðmæti réttindanna skv. 1. og 2. mgr. 26. gr., sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Afsalið skal gert að fengnu samþykki fjármálaráðherra.

2. Að heimila rektor að gera breytingar á samþykktum Vísindagarða Háskóla Íslands ehf í samræmi við tillögur sem liggja fyrir fundinum, þó þannig að grein 4.1. verði orðuð svo að meirihluta stjórnarmanna þurfi til þess að skuldbinda félagið. Þetta verði gert að fenginni sérfræðiskýrslu um verðmæti fasteignaréttindanna, sbr. tölulið 1.”

3. Önnur mál

3.1 Skipting fjárveitinga og fjárhagsáætlun Háskólans fyrir árið 2006, sbr. síðasta fund.

- Samþykkt einróma að í lið 2.2, nr. 19, sbr. fundargerð síðasta fundar, komi „34 m.kr“ í stað „30 m.kr“. Ástæðan er sú að í upphaflegu tölunni var ekki gert ráð fyrir launatengdum gjöldum. Fjármálanefnd er falið að breyta tölfunni með skiptingu fjárveitinga Háskólans fyrir árið 2006 til samræmis.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 12.15.